

## Tillaga miðstjórnar til 42. þings ASÍ um framlög í vinnudeilusjóð

42. þing ASÍ samþykkir að kr. 143.023.705.- af óráðstöfuðu eigin fé sambandsins skuli ráðstafað í Vinnudeilusjóð ASÍ.

### Greinargerð

Í lögum ASÍ var áður sérstakt ákvæði um að Vinnudeilusjóður ASÍ væri sjálfstæð eining og í hann runnu 3,7% af tekjum sambandsins, ásamt því að hann var ávaxtaður um 3% á ári til viðbótar við hækkun verðlags milli ára. Á ársfundi sambandsins árið 2006 var ákveðið að fella sjóðinn inn í ársreikning Sambandssjóðs og sérgreinda hann meðal eiginfjárliða með sömu ávöxtun og sömu framlögum af tekjum ASÍ. Á þingi sambandsins í október 2008, þegar skattar sambandsins voru lækkaðir, var ákveðið að fella út öll ákvæði um sjóðinn. Var málið kynnt þannig að þetta þýddi í reynd að taka þyrfti sérsaka ákvörðun um hækkun hans á þingi sambandsins. Frá þeim tíma hefur málið aldrei verið tekið upp og stendur sjóðurinn í sömu fjárhæð á var í árslok 2008. Ef sjóðurinn hefði verið ávaxtaður um 3% að raungildi frá 2008 (sem hafði verið um árabíl þar áður) er ljóst að hann væri rúmum 143 mill.kr. stærri en raun ber vitni. Í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er um stöðu kjaramála á næstu misserum er það tillaga að færa sjóðinn í það horf með sérstakri ákvörðun 42. þings ASÍ um slíkt framlag sem framkvæmt yrði í næsta uppgjöri vegna ársins 2016 sem millifærslu af óráðstöfuðu eigin fé yfir í Vinnudeilusjóð.

**Þannig samþykkt í miðstjórn ASÍ 19.10 2016**